

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga árið 2014

Haldinn 10. október kl.13:00 í Reykjavík, Nordica hótél

1. Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Stefán Bogi Sveinsson formaður setti fundinn og stýrði kjöri starfsmanna fundarins. Tillaga að fundarstjóri yrði Sveinn Steinarsson frá Sveitarfélaginu Ölfusi og fundarritari Bryndís Gunnlaugsdóttir frá Grindavíkurbæ samþykkt samhljóða.

2. Inntaka nýrra sveitarfélaga

Engin umsókn hafði borist og því var þessi liður ekki tekinn fyrir.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningar fyrir árin 2012 og 2013.

Stefán Bogi kynnti skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn og fylgir fundargerð þessari.

Að því loknu var farið yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2012 og 2013, en þeir höfðu áður verið sendir aðildarsveitarfélögum áður en þeir hlutu endanlega staðfestingu stjórnar. Samtökin hafa ávallt skilað örlitlum hagnaði því stjórnin hefur talið mikilvægt að eiga fjármuni í sjóði til að hægt sé að vinna skýrslur og álit ef á þarf að halda.

Enginn kvað sér hljóðs í umræðum undir þessum lið.

Ársreikningar 2012 og 2013 voru bornir upp til atkvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlanir 2015 og 2016 og tillaga um árgjöld.

Stefán Bogi fór yfir tillögur að fjárhagsáætlunum næstu tveggja ára.

Gerð er sú tillaga að hækka árgjöldin um 25% þannig að gjöldin verði eftirfarandi:

0 – 5.000 íbúar	125.000 kr.
5.000 – 10.000 íbúar	250.000 kr.
10.000+ íbúar	375.000 kr.

Ástæðan fyrir þessari hækkun er annars vegar að ferðakostnaður stjórnarmanna verði greiddur af samtökunum en ekki sveitarfélagi stjórnarmanna líkt og verið hefur. Hins vegar að kostnaður vegna samninga við Samband sveitarfélaga um umsýslu mun að líkindum hækka.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir þessari hækkun og hækkun í hlutdeild í sameiginlegum kostnaði og stjórnunarkostnaði í samræmi við tillögur um að SO borgi ferðakostnað sem og kostnað til Sambandsins.

Enginn kvað sér hljóðs í umræðum undir þessum lið.

Tillaga um árgjöld borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlanir fyrir 2015 og 2016 bornar upp og samþykktar samhljóða.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lágu engar lagabreytingar og því var þessi liður ekki tekinn fyrir.

6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Lagt er til að formaður stjórnar verði Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi

Lagt er til að stjórnarmenn verði:

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Grindavíkurbæ

Jón Óskar Pétursson, Skútustaðahreppi

Unnur Lára Bryde, Hafnarfjarðarbæ

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótshálsa

Anna Lóa Ólafsdóttir, Reykjanesbæ

Árni Eiríksson, Flóahreppi

Lagt er til að varastjórn skipi:

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð

Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit

Gunnsteinn Ómarsson, Sveitarfélaginu Ölfusi

Sigrún Hauksdóttir, Húnavatnshreppi

Lagt er til að skoðunarmenn reikninga verði:

Gunnlaugur Júlíusson

Eydís Þ. Indriðadóttir

Lagt er til að varamenn skoðunarmanna verði:

Jóhannes Á. Jóhannesson

Róbert Ragnarsson

Þessar tillögur bornar upp og samþykktar samhljóða.

7. Mál frá aðildarsveitarfélögum

Engin erindi höfðu borist frá aðildarsveitarfélögum.

8. Önnur mál

Undir almennum umræðum var sérstaklega hvatt til þess að reyna að fá fleiri aðildarsveitarfélög og voru fundargestir sammála því. Eyjólfur Sæmundsson úr Hafnarfirði þakkar fyrir samstarfið síðustu tvö ár og telur mun meiri hagsmuni vera í þessum samtökum en fólk almennt geri sér grein fyrir.

Hann fjallaði meðal annars um aðstæður í Noregi þar sem sveitarfélög í Noregi fá hagnað af orkuiðnaði. Núverandi stjórn er búin að leggja ákveðinn grunn og ný stjórn þarf að fylgja því eftir af krafti og ná fram raunverulegum breytingum. Markmiðið hlýtur að vera að sveitarfélög fái samskonar aðkomu að málum eins og er í Noregi.

9. Fundarslit

Gunnar Þorgeirsson, nýkjörinn formaður, ávarpaði fundinn og sleit honum kl. 14:10